

Gámasvæði Eyjafjarðarsveitar

Helstu upplýsingar vegna gjaldtöku

Þann 15. febrúar næstkomandi hefst gjaldtaka á gámasvæði Eyjafjarðarsveitar, fjölgar þá gámum og þeim flokkum sem aðilar þurfa að þekkja og hafa vel í huga þegar mætt er á svæðið. Er það liður í að sveitarfélagið uppfylli lagalegar skyldur sínar.

Skipulag og flokkar á gámasvæðinu taka helst mið af tveimur þáttum. Í fyrsta lagi að auka gæði flokkunar með það að leiðarljósi að úrgangsstraumar fari í réttan farveg og gæði endurnýtingar verði sem allra best. Í öðru lagi að lágmarka þann kostnað sem aðilar verða fyrir við það að losa sig við þessa úrgangsstrauma.

Gjaldtaka fer fram á svæðinu og verða að lágmarki tveir starfsmenn til staðar, annarsvegar til að leiðbeina einstaklingum á gámasvæðinu og hinsvegar til að sjá um gjaldtökuna.

Til að draga úr kostnaði við sorphirðu þegar mætt er á gámasvæðið er nauðsynlegt að mæta með vel flokkað efni hversu mikið sem magnið er. Sé mætt með óflokkað á kerru á svæðið verður rukkað um það líkt og um blandaðan úrgang sé að ræða. Það má því spara sér umtalsverðar fjárhæðir með að flokka á kerruna áður en mætt er á svæðið.

Gjaldtaka einstaklingar: Framkvæmd á staðnum og munu starfsmenn gámasvæðisins hafa greiðsluposa til að taka við greiðslum.

Gjaldtaka fyrirtækja: Tveir valmöguleikar, annaðhvort í greiðsluposa á staðnum eða sé þess óskað þá geta fyrirtæki stofnað reikning. Greiðsluseðill verður þá sendur reglulega fyrir innheimtu þeirra viðskipta. Þeir aðilar sem mæta fyrir hönd fyrirtækis þurfa að kvitta fyrir komu.

Á næstu síðum má finna lista yfir alla helstu flokka og þær merkingar sem vænta má að finna á gámasvæðinu þegar innleiðingu er lokið. Aftast má finna gjaldskrá gámasvæðisins en í henni koma fram allir þeir flokkar sem hægt verður að losna við á gámasvæðinu.

Merkingarnar hafa verið samræmdar á landsvísu og eru gefnar út af FENUR (Fagráð um Endurnýtingu og Úrgang).

Bent skal á að listi yfir merkingar tekur yfir allar merkingar sem samræmdar hafa verið á landsvísu og eru því sendar út til upplýsingar. Ekki eru allir þessir flokkar aðgengilegir á gámasvæði sveitarfélagsins en þeir eiga sér þá annan farveg og var því talið mikilvægt að kynna merkin öll.

Finnur Yngvi Kristinsson
Sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar

Garðaúrgangur



Matarleifar






Pappír



Pappi



Gler og postulín



Byggingaúrgangur



Málmur



Blandaður úrgangur



Raf- og rafeindatæki



Áhættuúrgangur



Plast og gúmmí



Gjaldskrá

Flokkur	Einstaklingar		Fyrirtæki	
	Allt að 2m ³ Hver 0,25m ³	Umfram 2m ³ Hver 0,25m ³	Allt að 2m ³ Hver 0,25m ³	Umfram 2m ³ Hver 0,25m ³
Gler og postulín				
Rúðugler	2.000 kr	4.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Postlín	Gjaldfrjálst	4.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Gler umbúðir (krukkur, flöskur)	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	4.000 kr
Byggingaúrgangur				
Húsgögn	Gjaldfrjálst	2.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Skápar, hurðir, innréttingar, plastlagt timbur	Gjaldfrjálst	2.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Málað timbur	3.000 kr	6.000 kr	3.000 kr	6.400 kr
Ómálað timbur	2.000 kr	4.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Steypa/möl og sandur	Gjaldfrjálst	3.000 kr	3.000 kr	6.000 kr
Flísar og hreinlætistæki (ekki með blöndunartækjum)	2.000 kr	4.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Gips og gipslötur	2.000 kr	4.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Raf- og rafeindatæki				
Kælitæki	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	2.000 kr
Raftæki stór og smá	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	2.000 kr
Áhættuúrgangur				
Ljósaperur	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	2.000 kr
Spilliefni	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	2.000 kr
Rafgeymar	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	2.000 kr
Rafhlöður	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	2.000 kr
Plast og gúmmí				
Lituð plastfilma	Gjaldfrjálst	2.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Plastumbúðir	Gjaldfrjálst	2.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Frauðplast	Gjaldfrjálst	2.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Landbúnaðarplast			2.000 kr	4.000 kr
Hart plast og annað plast óupptalið	Gjaldfrjálst	2.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Hjólbarðar	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	4.000 kr
Málmar				
Málmar	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	2.000 kr
Málmumbúðir	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	2.000 kr
Blandaður úrgangur				
Pressanlegur úrgangur frá daglegum heimilisrekstri	2.000 kr	4.000 kr		
Pressanlegur úrgangur frá daglegum rekstri			3.000 kr	6.000 kr
Pressanlegur úrgangur frá framkvæmdum	3.000 kr	6.000 kr	3.000 kr	6.000 kr
Grófur úrgangur flokkur				
Húsgögn bólstrúð, dýnur, ferðatöskur, rúllugardínur, teppi, tjörupappi og illa flokkaðir stórir hlutir o.þ.h.	Gjaldfrjálst	2.000 kr	3.000 kr	6.000 kr
Grófur úrgangur frá framkvæmdum	3.000 kr	6.000 kr	3.000 kr	6.000 kr
Pappi				
Bylgjupappi	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	4.000 kr
Sléttur pappi og fernur (Tetra Pak)	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	4.000 kr
Pappít, blöð, dagblöð og tímarit	Gjaldfrjálst	2.000 kr	Gjaldfrjálst	4.000 kr
Garðaúrgangur				
Gras	Gjaldfrjálst	2.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Trjágreinar	Gjaldfrjálst	2.000 kr	2.000 kr	4.000 kr
Hey frá dýrahaldi	2.200 kr	3.500 kr	2.000 kr	4.000 kr
Jarðvegur og uppgröftur	Gjaldfrjálst	3.500 kr	2.000 kr	4.000 kr